

169

13. sept.

AUGLÝSING

um blöndun á íslenzku smjöri í smjörlíki.

Samkvæmt reglum frá 26. september 1935, um blöndun á íslenzku smjöri í smjörlíki, skal frá 18. þessa mánaðar allt smjörlíki, sem framleitt er hér á landi, innihalda 5% af íslenzku smjöri, svo og erlent smjörlíki, sem flutt kann að verða til landsins.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing frá 10. júlí 1939 um afnám blöndunar smjörs í smjörlíki.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. september 1939.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

170

13. sept.

GJALDSKRÁ

um leigukjör á talstöðvum (gerð E), sem landssíminn lætur á leigu í íslenzk skip.

1. gr.

Skipseigandi eða útgerðarfélag, sem óskar að fá talstöð í íslenzkt skip, sendi skriflega umsókn til póst- og símamálastjórnarinnar, sem gefur út leyfisbréf fyrir stöðina og önnur skirteini.

2. gr.

Landssíminn leggur til senditæki og viðtæki og efni í loftnet, 1 varalampa af hverri tegund, svo og vinnu við rafmagnsuppsetningu, en leigutaki skal sjá um, að rafmagn með hæfilegri spennu og nægilegri orku sé fyrir hendi og leitt inn í loftskeytaklefa, svo og um alla trésmíðavinnu og aðra vinnu en rafmagnsuppsetningu tækjanna.

Leigutíminn er minnst 2 ár í senn. Að skemmstum leigutíma liðnum, má segja leigu stöðvarinnar upp hálfárslega með þriggja mánaða fyrirvara. Leigutaka ber að hafa fullkominn talstöðvarvörð, sem landssíminn tekur gildan, til þess að starfrækja stöðvarnar og sjá um, að þær séu vel hirtar eða vel geymdar.

3. gr.

Talstöð af gerð E felur í sér:

1 lampasendi með ca 20 watta loftnetsorku á öldusviðinu 120—200 m. Með sendinum fylgir mótórrafall, ræsir, spennustillir og hljóðnemi.

1 5-lampa superviðtæki, öldusvið 80—1400 m. Tækið hefir fast innbyggðar spólur og er skipt milli mismunandi öldusviða með einu handfangi.

Með stöðinni fylgja venjulegir varahlutir, svo sem kolaburstar til mótórrafals, bræðivör, 1 varalampi af hverri tegund.

4. gr.

Leigutaki greiði fyrir gerð E 200 kr. í stofngjald og 140 kr. í leigu ársfjórðungslega. Stofngjald greiðist áður en uppsetning fer fram og leigan ársfjórðungslega fyrirfram. Gjaldskrá þessari getur samgöngumálaráðherra breytt, ef ástæða þykir til, sérstaklega ef gullgengi íslenzkrar krónu raskast. Lögtaksréttur er á gjöldum þessum.